

Ed.

129. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er ekki andvígur þeirri heimild til lántöku til handa ríkisstjórninni, sem í frumvarpinu felst. En ég tel það höfuðatriði í málinu, að ríkisstjórninni verði ekki gefið einræðisvald um skiptingu lánsfjárins, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Ég hef í fjárhagsnefnd lýst þeirri skoðun minni, að ég gæti til samkomulags fallizt á að samþykkja frv. með þeirri breytingu, að tryggt yrði, að haft yrði samráð við fjárveitinganefnd Alþingis um fullnaðarskiptingu fjárins milli einstakra framkvæmda, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Fullnaðarsamkomulag náðist ekki í nefndinni um þessa breytingu á frv.

Ég vil enn ganga til samkomulags um þetta á þessum grundvelli. Þess vegna legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. másl. 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis fullnaðarskiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Finnbogi R. Valdimarsson.